

Svona gengur flugslysaæfing fyrir sig.

Þetta er stutt lýsing á hefðbundinni flugslysaæfingu.
Athugið að stærð æfinga og aðstæður geta breytt dagskránni.

Boðunarprófun:

Fyrir hverja æfingu (oftast á fimmtudeginum fyrir æfinguna) fer fram boðunarprófun Neyðarlínunnar. Þeir munu senda þeim sem eru á viðbragðslista viðbragðsaðila SMS boð. „**Prófun-Neyðarstig land og sjór-XXXXXflugvöllur-Prófun-ekki þörf á svörun**“. Þeir sem ekki fá boð eiga að snúa sér til fulltrúa Neyðarlínunnar í síma 570-2025 og mun hann koma þeim í boðunargrunninn sem ekki fá boð. Athugið að rétt er að hver viðbragðseining hafi samband við Neyðarlínuna fyrir æfinguna og fái útprentun á lista sinnar viðbragðseiningar til að sannreyna hvort ekki eru allir á listanum sem þar eiga að vera.

Fimmtudagur (oftast um miðjan dag-stundum haldin á föstudeginum fyrir æfingu):

Upprifjun, fræðsla, æfing. Fyrir Vettvangsstjórn/Aðgerðarstjórn. Verkbáttastjórar mæti og aðstoðarmenn þeirra. Æfingin er skrifborðsæfing til að þjálfa aðila í viðbrögðum, samræmingu og framkvæmd aðgerða vegna flugslysa.

Hvar/hvenær er setning æfingarinnar:

Fimmtudagur (síðdegis).

Dagskrá: (getur breyst milli æfinga)

- Æfingin sett.
- Upplýsingar um gang æfingarinnar, akstursstýring og öryggi á flugvöllum – *Isavia*.
- Flugslys. Rannsóknarhagsmunir, verndun vettvangs – *Rannsóknarnefnd flugslysa*.
- Áverkafæli,bráðaflokkun og áverkamat - *Landspítalinn Háskólasjúkrahús*.
- Ýmis stjórnunarleg atriði – *Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra*.
- Umgengni um þyrlur – *Landhelgisgæslan*.
- Annar fróðleikur eða fyrirlestrar eftir þörfum eða óskum heimamanna.

Föstudagur (síðdegis):

Dagskrá (Athugið að dagskrá getur verið breytileg milli æfinga).

- Gangur æfingarinnar / Aðgæsluatriði – *Isavia*.
- Störf aðgerðarstjórnar - Aðgerðastjóri.
- Störf vettvangsstjórnar – Vettvangsstjóri.
- Ráðgjafar –eitthvað sem þeim liggur á hjarta ss. meðferð og umgengni um "sjúklinga".
- Uppsetning vettvangsins/verkefni á vettvangi kynnt.
- Verkefni Rauðakrossins á æfingunni..
- Bráðaflokkunarkerfið –Landspítali Háskólasjúkrahús.
- Verklef æfing á áverkamati og bráðaflokkun sjúklinga – Landspítalinn háskólasjúkrahús.
- Annað eftir þörfum eða óskum heimamanna.

Föstudagskvöldið.

Förðun-leikarafundur.

Kynningarfundur / kennsla fyrir þá sem ætla að leika sjúklinga í æfingunni.

Laugardagur:

Förðun (oftast er byrjað snemma morguns):

Þeir sem leika sjúklinga mæta til förðunar. Allir mæti í gömlum/ónýtum fötum. Meðan beðið er eftir förðun verður boðið uppá gos og nammi, kakó og súpu og eftir æfinguna verður pizzuveisla fyrir leikara.

Æfingin sjálf(laugardagur):

Hvernig gengur æfingin fyrir sig:

- ° Öðru hvoru megin við hádegi mun flugturninn á XXXflugvelli kalla með Tetratalstöð í Neyðarlínuna og tilkynna um "Æfing-Neyðarstig-land og Sjór- XXXflugvöllur -æfing-"
- ° Starfsmenn Isavia á viðkomandi flugvelli klæðist slökkvigalla, aka á "slysstað" og hefja slökkvistarf.
- ° Allir viðbragðsaðilar fá skilaboð í GSM síma "**Æfing –NEYÐARSTIG-LAND/SJÓR- XXXflugvöllur- æfing**"
- ° Stefnt er að því að viðbragðshópar fari á "slysstað" í þeirri röð sem ætla má að þeir kæmu á vettvang: slökkviliðið, lögreglan, sjúkrabílar, staðarbjörgunarsveitarbílar, heilsugæslufólk.
Björgunarsveitir fjær, Rauða kross fólk og aðrir viðbragðsaðilar seinna. Á að giska fimm til fimmtán mínútur gætu liðið milli hópa. *Hér er verið að líkja að nokkru leiti eftir því sem myndi vera í veruleiknum það er, hópar td. björgunarsveit sem staðsett eru hálf tíma akstur eða meira frá æfingarflugvelli myndu aldrei mæta á sama tíma og viðbragðsaðilar sem búa á staðnum. Hinsvegar er lítið æfingarlegt gagn að því að taka þátt í æfingu sem staðið hefur yfir í einn klukkutíma þegar komið er að. Því förum við milliveg og látum smá tíma liða milli þess sem þeir sem fjærst koma að, fari inn í æfinguna, þó án þess að rýra æfingargagnið sem hafa má af slíkri æfingu. **Stefnt er að því að allir viðbragðshópar fái verkefni við sitt hæfi, þannig að æfingin gagnist þeim.***

Hér eftir, er framgangur æfingarinnar á vettvangi í höndum viðbragðsaðila, undir stjórn vettvangsstjóra /vettvangsstjórnar og verkþáttarstjóra (björgunarstjóra, flutningastjóra, athlyningarstjóra, gæslustjóra) og utan vettvangs í höndum aðgerðarstjórnar.

Fyrirliggjandi verkefni eru:

- ° Loka vettvangi
- ° Tryggja vettvang
- ° Slökkvi- og björgunarstörf á vettvangi (slökkva elda, bjarga fólki úr flaki).
- ° Myndun vettvangsstjórnar.
- ° Að koma björgum (börur-teppi-sjúkrabúnaður-dýnur) úr flugstöð á vettvang
- ° Uppsetning SSS í flugstöð. Gæti verið starfsmenn flugfélags, Rauðakross fólk, eða og að einhverjir ofangreindra virkjar fólk í flugstöð sér til hjálpar.
- ° Frumgreining á vettvangi.
- ° Aðhlyning sjúklinga.
- ° Flutningur þolenda af vettvangi á *Söfnunarsvæði slasaðra* (SSS) í flugstöð.
- ° Ummönnun þeirra farþega/ættingja sem í flugstöð kunna að bíða. Sinnt af starfsfólki flugfélags, Rauðakross fólki, björgunarsveitarfólki. Þeim vísað á fjöldahjálparstöð Rauðakrossins.
- ° Móttaka, greining og aðhlyning þolenda í SSS.
- ° Frekari ummönnun þolenda meðan beðið er eftir flutningi til frekari meðferðar.
- ° Flutningur þolenda af SSS á sjúkrahús, heilsugæslustöð, í fjöldahjálparstöð, í söfnunarsvæði aðstandenda, í sjúkraflug eða annað.

Þegar allir þolendur hafa verið greindir, hlotið ummönnun og eru hæfir/tilbúnir til flutnings og tryggð hefur verið flutningsleið af söfnunarsvæði (SSS) eða verulegur hluti sjúklinga þegar fluttur í burt annaðhvort á heilsugæslu eða sjúkrahús eða með flugi/sjúkrabílum, þá telst þessum þætti æfingarinnar vera lokið.

Fjöldahjálparstöð:

Oftast opna Rauða krossdeildir fjöldahjálparstöð. Þar er tekið á móti aðstandendum og þeim þolendum sem hleypt yrði frá Söfnunarsvæði slasaðra á flugvelli. *Athugið að þeir sem leika sjúklinga/þolendur úr „flugslýsinu“ og fara á Fjöldahjálparstöð, verða að vera utan þess hóps sem raunverulega taka þátt í slýsinu innan flugvallar, því engum sjúklíngum /þolendum er hleypt út af flugvallarsvæði á meðan æfingunni stendur.*

Að lokinni æfingu:

Að lokinni æfingu er boðið upp á hressingu í flugstöðinni (SSS)..

Þegar að öllum aðgerðum á vettvangi er lokið, menn hafa fengið sér hressingu, þá fara menn í það að taka til og ganga frá sínum tólum og tækjum

Það er verkefni þeirra sem að neðan eru taldir (dagskrá rýnifundar) að fara yfir æfinguna, gjarnan með þeim viðbragðshópi sem viðkomandi tilheyrði og lista upp á blað nokkur atriði sem betur hefðu mátt fara, bæði við undirbúning og framkvæmd æfingarinnar og nokkur atriði sem vel þóttu takast í undirbúningi æfingarinnar og við æfinguna sjálfa. Þessir punktar eru hafðir stuttir og laggóðir og eru helstu lærdómsatriði er varðar undirbúning og framkvæmd æfingarinnar. Hér er ekki gert ráð fyrir löngum ræðum. Fimm mínútur á mann er ágætur viðmiðunartími.

Að lokinni æfingunni (innan 10 daga) senda þessir aðilar, punkta um æfinguna á rafrænni skýrslu til Isavia þar sem þeir verða teknir saman og gefnir út í hefti ásamt öllum þeim myndum sem hægt er að ná í frá æfingunni. Þarna verða samankomin helstu lærdómsatriði æfingarinnar.

Allir eiga að læra af æfingunni og því er nauðsynlegt að halda til haga þeim atriðum sem læra má af, hvort sem þau voru vegna þess sem betur hefði mátt fara eða þess sem vel tókst.

Rýnifundur:

Rýnifundurinn (opinn öllum þeim sem komu nálægt æfingunni á einhvern hátt) hefst oftast einni til tveimur klukkustundum eftir æfingu. Stundum (mjög stórar æfingar) er rýnifundurinn haldinn á sunnudeginum.

Dagskrá rýnifundar

✓ Almennt /stóra myndin	- Æfingastjóri Isavia
✓ Upplifun leikara	- Ráðgjafi „sjúklinga“
✓ Aðgerðarstjórn	- Aðgerðarstjóri
✓ Leit og björgun	- Björgunarstjóri
✓ Sjúkrahjálp-söfnunarsvæði	- Aðhlyningarstjóri
✓ Lokanir/umferð/talning	- Gæslustjóri
✓ Móttaka og flutningur	- Flutningastjóri
✓ Stjórn aðgerða á vettvangi	- Vettvangsstjóri
✓ Aðstandendur/hjálparstöðvar	- Rauði krossinn
✓ Fjarskipti/boðanir	- Neyðarlínan
✓ Störf flugvallarfólks	- Starfsmaður Isavia
✓ Störf viðbragðseininga	- Ráðgjafar
✓ Umræður	- Orðið laust/umræður
✓ Næstu skref	- Isavia
✓ Æfingu slitið	- Umdæmisstjóri Isavia

Þegar fulltrúar aðgerðarhópa hafa lokið sínu máli eru almennar umræður um æfinguna. Í þeim umræðum taka allir þátt sem vilja. Ræðumenn eiga að halda sig við æfinguna sjálfa, framkvæmd hennar eða undirbúning, en ekki rabb um eitthvað annað. Rýnifundir taka oft nokkurn tíma og því rétt að takmarka umræður við æfinguna. Að þessum lið loknum verður æfingunni slitið.

Gestir- áhorfendur:

Allir sem koma á æfinguna til að fylgjast með (td.fjölmíðlatengdir, heilsugæslufólk, boðsgestir og.þh) munu þurfa að mæta á viðkomandi flugvöll um hálf tíma til klukkutíma fyrir æfingu og fá þar vesti hjá upplýsingafulltrúa Isavia Hann mun kynna ýmsa þætti æfingarinnar og leiða gesti um svæðið á meðan æfingunni stendur. Þeir sem ekki eru í vestum eiga það á hættu að vera vísað burt.